



Lundarskóli
Þar sem okkur líður vel

Lundarskóli

Þróunar- og vorskýrsla Lundarskóla
veturinn 2011 - 2012



Tekið saman af:
Maríönnu Ragnarsdóttur

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Teymisvinna list- og verkgreinateymis.....	5
Teymisvinna íþróttakennara	9
Teymisvinna 1. bekkur	11
Teymisvinna 2. bekkur	13
Teymisvinna 3. bekkur	15
Teymisvinna 4. bekkur	17
Teymisvinna 5. bekkur	20
Teymisvinna 6. bekkur	24
Teymisvinna 7. bekkur	26
Teymisvinna 8. bekkur	28
Teymisvinna 9. og 10. bekkur	30

Inngangur

Lundarskóli hefur undanfarin ár miðað markvisst að fjölbreyttum kennsluháttum. Skólinn hefur lagt aukna áherslu á einstaklingsmiðun og teymisvinnu kennara.

Í eftirfarandi skýrslu koma fram upplýsingar frá kennurum varðandi teymisvinnuna og kennslufræðilegar upplýsingar varðandi kennsluna. Hvernig undirbúningi teymisins var háttað, nýtingu á tíma, fyrirkomulagi á umsjón og annarri verkaskiptingu innan teymis.

Í Lundarskóla er unnið með SMT agaferli og í skýrslunni koma fram upplýsingar varðandi það, hvernig ferlið fellur að teymisvinnunni og kennslu í árgangnum. Einnig er stiklað á stóru um foreldrasamstarf.

Í lok hvers kafla fjallar hvert teymi í stuttu máli um framtíðarsýn sína varðandi teymið. Hvernig teymismeðlimir vilja nýta sér áframhaldandi vinnu innan teymisins eða taka með sér reynslu og þekkingu í ný teymi.

Teymisvinna list- og verkgreinateymis

Heimilisfræði 7. og 8. bekkur.

- Kennsla fór fram þrisvar sinnum í viku sjö vikur í senn.
- Kennsluaðferðir sem stuðst var við voru útlistunar- og töflukennsla, umræðu- og spurnaraðferðir, þaravinna, vettvangsnám, einstaklings- og samvinnunám.
- Kennslugögn: Í 7. bekk var að mestu stuðst við kennslubækurnar „Gott og gagnlegt“ og í 8. bekk kennslubækurnar „Matur og Menning“, ásamt ítarefni á ljósritum, uppskriftir o. fl.
- Haraldur safnkennari á Minjasafninu kom og fræddi nemendur í 7. bekk um hreinlæti fyrr á tímum.

Hönnun og smíði: 4., 5., 6., 7. og 8. bekkur.

- Kennsluaðferðir sem notaðar voru: Útlistunar-, einstaklings- og sýnikennsla.
- Námsmat sem notað var: Símat þar sem metin var virkni, færni, áhugi, frammistaða og umgengni í kennslustofu.
- Þemavikur voru með öðrum list- og verkgreinakennurum og voru nokkrar yfir veturinn með mismunandi þemum.
- Námsfni: blöð, bækur og veraldarvefurinn

Myndmennt hjá 5., 6., 7. og 8. bekkjum og myndlistarvali unglingsdeild.

- Kennsluaðferðir sem helst voru notaðar: Útlistunar-, sýni- og einstaklingskennsla eftir því sem við átti, verklegar æfingar, hópa- og einstaklingsvinna, samvinnunám svo og innlifun og tjáning.
- Námsmat var í formi símats þar sem hver tími og hvert verkefni var metið jafnóðum, einnig voru þættirnir framkoma, vinnusemi og vandvirkni metnir. Þessir þættir voru skoðaðir við vinnu í kennslustundum og við skil á verkefnum.
- Námsfni: Valdir þættir úr listasögu voru fléttaðir inn í verkefnavinnu með skyggnu-sýningum hjá öllum árgöngum. Einnig voru notaðar bækur um einstaka listamenn bæði innlenda og erlenda (sjá skólanámsskrá).
- Myndlistarval: Einn hópur var í myndlistarvali, fjölbreytt verkefni voru unnin í samvinnu við nemendur. Unnið var með fjarvídd, lita- og formfræði, málað með þekjulitum, akrílmálningu, unnið með kol og mótað úr leir. Einnig unnu nemendur skissubækur yfir allan veturinn sem var hluti af heildareinkunn vetrarins.

Textílmenn: 5 – 6 – 7 – 8 bekkur - textíval

- Kennsluaðferðir sem voru notaðar: Útlistunarkennsla sem innlögn fyrir verkefnavinnu og framhaldið byggðist mjög mikið á einstaklingskennslu.
- Námsmat var símat þar sem tekið var tillit til virkni, færni, áhuga og frammistöðu. Þetta var einnig haft til viðmiðunar við leiðsagnarmat.

Verkefni:

- 5. bekkur: Þrjón og færniæfingar á saumavél sem endaði sem púðaborð í púða sem þau saumuðu með bjálkaaðferð í bútaum.
- 6. bekkur: Þrjón og bútaumspennaveski sem saumað var með flettiaðferð í bútaum.
- 7. bekkur: Hönnun og útsaumur í java með krosssaum. Nemendur saumuðu svuntu og settu útsauminn á vasann á svuntunni. Farið var nokkuð ítarlega í efnisfræði þá sérstaklega náttúruleg efni. Tekið var próf úr hefti sem þau fengu til aflestrar.
- 8. bekkur: Fataumur, leðurvinna, þæfing, útsaumur, þrjón og hekl, perludýr og Rauða kross verkefni.
- Textíval, Rauðakross verkefni, fataumur, skissubók, skriflegt verkefni, skýrsla.

Tónmennt 1. – 4. bekkur

Kennsluaðferðir: Útlistunarkennsla, innlifun/tjáning, umræðu- og spurnaraðferðir, para- og hópavinna auk verklegra æfinga.

Þemavinna í tengslum við vinnu hjá umsjónarkennurum: Álfapema í 1. bekk. Komdu og skoðu land og þjóð í 2. bekk og þjóðsögur í 3. bekk. Jólakötturinn og fuglapema í opnum vikum hjá 4. bekk í list- og verkgreinum.

Leiðsagnarmat og námsmat byggðist á símati í tímum þar sem horft var til áhuga, virkni og frammistöðu (færni) nemenda. Í 1., 2. og 3. bekk voru kannanir í lok vorannar.

Námsefni: Sjá skólanámskrá.

Upplýsinga- og tæknimennt hjá 4., 7. og 8. bekk

- Í upplýsinga og tæknimennt er reynt að koma til móts við alla nemendur og því reynir á að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir. Til að ná því má nefna hópavinnu, innlifun og tjáningu, leitaraðferð, paravinnu, samvinnunám, umræðu- og spurnaraðferð, uppgötvunarnám, útlistunarkennsla, verklegar æfingar, vettvangsnám, einstaklingsnám, þemanám og þrautalausnir.
- Námsmat byggir á símati sem felur í sér að metin eru vinnubrögð, framkoma og tók á námsefni ásamt könnun í fingrasetningu (ekki í 4. bekk).

- Leiðsagnarmat var hjá hverjum hópi þar sem metin var virkni og frammistaða. Kvarðanum var skipt í 5 stig sem eru: Til fyrirmyndar, Góð, Viðunandi, Þarfnast úrbóta, Þarfnast verulegra úrbóta.
- Opnar vikur voru hjá 4., 7. og 8. bekk og má þar nefna fuglabema hjá 4. og 7. bekk.
- Námsfni sem notað var er nánast eingöngu unnið af kennara þar sem námsfni í þessari grein eldist illa.

Teymisvinna list- og verkgreinateymi:

- Fastir teymisfundir voru meðal annars notaðir fyrir SMT vinnu, upplýsingar og ráðgjöf innan teymisins um og fyrir einstaka nemendur, einnig skiplagningu á opnum viku og uppbyggingu á námsmati og leiðsagnarmati.
- Teymið hittist allar vikur einn klukkutíma í senn og skiptust aðilar á um að halda utan um verkefni og fyrirliggjandi úrlausnarefni.

Kennslan hjá list- og verkgreinateymi:

List- og verkgreinakennarar raða árgöngum sjálfir í hópa í upphafi hvers skólaárs. Hóparnir eru bæði kynjaskiptir og kynjablandaðir og það gengur vel upp. Í vetur hefur 7. og 8. bekkjunum verið skipt í 5 hópa og komu nemendur þrisvar í viku í 7 vikur. Hins vegar voru 4., 5., og 6. bekkirnir í 4 hópum þannig að tímabilið var lengra hjá þeim. Þessi fjórskipting verður til þess að þessir árgangar fá ekki allar greinar og er það mismunandi eftir árgöngum hvaða greinar detta út. 4. bekkur var í tónmennt, textíl, smíðum og tæknimennt. 5. bekkur var í textil, smíðum, heimilisfræði og myndmennt. 6. bekkur var í textíl, smíðum, heimilisfræði og myndmennt.

Hópaskiptingar í tónmennt í 1. – 3. bekk: 1. bekkur var þrískiptur 11 – 12 nemendur í hópi og kom hver hópur einu sinni í viku, 1 klst. í senn. Í 2. bekk var samskonar fyrirkomulag en 13 – 14 nemendur í hópi. Í 3. bekk var tvennskonar hópaskipting. Annars vegar þrískipting með 17 – 18 nemendum í hópi og kom hver hópur 1 klst. í viku. Hinsvegar fjórskipting með 13 nemendum í hópi. Hver hópur kom einu sinni í mánuði, eina klukkustund í senn. Þeir tímar voru fyrst og fremst nýttir í samspil og skapandi hópastarf. Hjá árgöngum sem áttu fyrsta tíma dagsins og seinasta í tónmennt voru hóparnir látnir „rúlla“ þannig að ekki væri alltaf sami hópur í seinasta tíma.

- Námsaðlögun: Aðlögun verkefni að nemendum eins og kostur er og búum til eða bjóðum nemendum upp á önnur verkefni ef þarf. Hver kennari vann að námsaðlögun í sinni grein.

- Bundið val hjá 8. bekk, þar sem nemendur gátu valið sig inn í mismunandi hópa í list- og verkgreinum. Þannig gátu þeir valið að taka mörg verkefni í sömu grein eða sleppt einhverri. Þær greinar sem hægt var að velja um voru: Heimilisfræði, tölvur, silfursmíði, smíði, textíl, myndmennt.

Mikill tími fór hjá verkgreinakennurum í að setja niður í hópa þar sem þessi árgangur er mjög stór.

- Einkunnagjöf. Ákveðið var að 30% af einkunn væri fyrir sameiginlega þætti hjá öllum list- og verkgreinum, en þeir voru framkoma, vandvirkni og vinnusemi.
- Leiðsagnarmati var skipt niður í tvo aðalþætti virkni og frammistöðu. Það er gefið í fjórðu viku hvers hóps og birt foreldrum, því miður virðist vera lítið um að foreldrar skoði það. Kennarar fá hvorki viðbrögð frá foreldrum né nemendum þrátt fyrir að póstur hefur verið sendur heim til að láta vita af opnun á leiðsagnarmati.
- Opnar vikur eða þemavikur voru með öllum list- og verkgreinakennurum og voru nokkrar yfir veturinn með mismunandi þemum s.s. jólaþema og fuglaþema.
- Foreldrasamstarf: Foreldrasamstarf er mjög lítið en við höfum hins vegar hiklaust samband við foreldra ef þannig stendur á og ástæða þykir til.
- SMT-vinnan: SMT virkar misvel á nemendum þó að meirihlutinn virðist taka því vel. Margt er jákvætt við vinnuna en einnig má finna neikvæða fleti s.s. eftirfylgni við reglur sem ekki alltaf hefur gengið eftir og ósamkvæmni í viðurlögum. Tímamagn í SMT vinnunni hefur verið ásættanlegt.

Framtíðarsýn varðandi teymisvinnu:

- Við horfum jákvæðum augum til framhalds á þeirri vinnu sem hefur verið í gangi og gengið mjög vel. Tökum vel á móti hverjum þeim sem kemur inn í teymið og styðjum við nýja aðila eins og kostur er.
- Næsta skólaár koma 9. og 10. bekkur inn í list- og verkgreinarnar og er því mikil vinna framundan að gera námsskrá og verkefni fyrir þessa hópa. Hugmyndin er að leyfa nemendum að velja sér greinar en hafa þau aðeins færri en á þessu skólaári.

Teymisvinna íþróttakennara

Kennslufræðilegt:

Sýni-, hóp- og einstaklingskennsla er meðal þess sem hefur verið einkennandi fyrir starf vetrarins. Pararvinna er oft notuð í ýmsum æfingum. Við höfum notað stöðvavinnu enn meira í vetur en undanfarna vetur. Það er fyrirkomulag sem gengur sérstaklega vel á yngsta stiginu og hefur sömuleiðis ýmsa kosti á mið- og unglingsstigi. Við höfum reynt að einstaklingsmiða kennsluna eftir því sem hægt er í þeim tilfellum þar sem það er nauðsynlegt. Nemendur sem rekast illa í hóp eða ákveðnum viðfangsefnum er þá boðið uppá val um annað viðfangsefni og það hefur gefist vel. Aldurshópum hefur ekki mikið verið blandað saman nema þá á hefðbundnum uppbrotsdögum svo sem á Fjölgreindarleikum og á íþróttadegi mið- og unglingsstigs. Í leiðsagnarmatinu studdumst við á mið- og unglingsstigi við prófæfingar sem eru úr „eurofit“ prófum. Mestu um einkunn nemenda réði þó nú sem áður hversu vel nemendur lögðu sig fram í tímum og framkoma, hegðun og atferli nemenda. Útikennsla var bæði síðastliðið haust og nú í vor. Við vorum út september með útikennslu síðastliðið haust og nú í vor fórum við út síðasta dag aprílmánaðar en urðum reyndar að flýja inn í eina viku sökum vorhrets. Ekki var notað mikið námsefni í hefðbundinni merkingu þess orðs en við sóttum hugmyndir að nýjum leikjum og viðfangsefnum jafnt í bækur sem á alnetið.

Teymisvinna kennara:

Teymið fundaði einu sinni í viku allt saman. Í vetur höfum við verið fleiri en áður því auk Jóhönnu, Öldu, Birgittu og Inga bættist okkur liðsauki í Agli Daða sem hljóp með glæsibrag í skarðið fyrir Jóhönnu lungann úr vetrinum. Fyrir utan vikulegu fundina með öllu teyminu hittust kennarar á hverju stigi einu sinni í viku til þess að fínússa skipulag kennslu næstu viku þar á eftir. Verkaskipting var leyst frá viku til viku og skiptumst við á að leika Jóhönnu í því samhengi. Í salnum höfðum við jafnt umsjón með öllum nemendum en í upphafi skiptum við hópunum á milli okkar til þess að halda utan um mætingu og einkunnagjöf þótt það síðarnefnda sé alltaf unnið í sameiningu af öllum íþróttakennurum árgangsins.

Kennslan:

- Mjög oft er nemendum leyft að vinna saman í hópum sem þeir velja sig í. Á þessu eru undartekningar í þeim árgöngum þar sem árekstrar milli nemenda eru vandamál. Í þeim tilfellum höfðum við tilbúna ýmsar hópaskiptingar sem við vissum fyrirfram að myndu ganga betur en aðrar.
- Við höfum verið dugleg að gefa vita í vetur. Oft gefum við hópunum vita fyrir góða frammistöðu í tímum. Við höfum einnig reynt markvisst að gefa erfiðum nemendum vita ef þeir hafa staðið sig vel í tímum. Þá höfum við einnig stundum gefið öllum nemendum vita sem farið hafa í sturtu eftir tíma og sömuleiðis verðlaunað einstaka nemendur fyrir frábæra frammistöðu í tímanum eða mikinn dugnað við að taka saman áhöld í lok tíma. Við höfum trú á því að þetta virki oft á tíðum þó að árangurinn sé sjaldan mælanlegur nema sem einhverskonar tilfinning. Athyglismerkið notum við töluvert og mest á yngsta stiginu.
- Við höfum verið í samstarfi við foreldra í vetur gegnum mentor og í gegnum síma. Einnig hafa foreldrar nokkurra barna verið duglegir að fylgjast með börnum sínum í íþróttatímum.

Framtíðarsýn:

Okkur langar að fá til okkar enn fleiri kynningar á íþróttagreinum sem stundaðar eru á Akureyri. Ekki síst er freistandi að fá til okkar kynningar á íþróttagreinum sem eru líklegar til að ná til þeirra sem hafa ekki náð að fóta sig í hefðbundnari íþróttagreinum. Við viljum gjarnan vinna að því að fá bættu aðstöðu í KA heimilinu. Það snýr bæði að kennslunni sjálfri og okkar vinnuástöðu. Við viljum gjarnan að í framtíðinni verði baðverðir í KA heimilinu starfsmenn Lundarskóla. Það er líklegt til að skapa aukna öryggistilfinningu hjá nemendum auk þess sem þessir starfsmenn myndu hafa skólastefnu Lundarskóla að leiðarljósi. Ef baðverðirnir störfuðu sem skólaliðar einnig þekktu þeir jafnt nemendur sem starfsfólk skólans og væru mun líklegri til að hafa betri tækni á starfi sínu.

Teymisvinna 1. bekkur

Kennslufræði:

- Við notuðum fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. Byrjendalæsi, söguaðferð, þemanám, samvinnunám, paravinnu, hópavinnu, innlögn, leiki og spil og svo mætti lengi telja.
- Þemu innan árgangsins: Húsdýra-, álfa-, húsa-, vina-, dreka- og skrímslaþema. Nonni og Manni, Búkolla, árstíðapema og að lokum líkamsþema.
- Námsmatsaðferðir: Læsis- og atkvæðapróf, stafakannanir, stærðfræðikannanir, skriftarsýni auk ess var verkefnum safnað saman yfir veturinn í framfaramöppu.
- Unnið var með 7. bekk og hverfisleikskólum samkvæmt skipulagi skólans auk þróunarverkefnis með leikskólanum. Fjóra föstudaga hittust börnin í 1. og 2. bekk og léku sér saman. Fjölgreindarleikar, SMT-vinadagur og vettvangsdagar.
- Þegar kom að leiðsagnamati máttum við verkefni sem börnin höfðu verið að vinna að, Læsispróf og notuðum huglægt mat.
- Námsfni: Eining 1 og 2 (grunnbók), Sproti – nemenda- og verkefnabók 1a og 1b, Það er leikur að læra 1 og 2, Skólabókin mín, Síðuskólaskrift og skrift 1 Námsgagnastofnunar.



Teymisvinna kennara:

- Við unnum mikið saman en Hrefna sá um föstudagspóst, heimilisfræði og verkmennt. Margrét sá um stærðfræði, tölvuúrvinnslu, Læsispróf, stafakannanir og atkvæðapróf. Annars skiptum við með okkur verkum eftir þörfum og hentugleika.
- Foreldraviðtöl voru með þeim hætti að í upphafi tókum við öll viðtöl saman. Í nóvemberviðtölunum skiptum við nemendum á milli okkar og reyndum svo í marsviðtölunum að hitta þau börn sem við hittum ekki í nóvember, við sem sagt skiptum um viðtöl/hópa.
- Við vorum með sameiginlega umsjón og tókum jafna ábyrgð á öllum nemendum.

Kennslan:

Blöndun í árganginum: Árganginum var skipt í tvennt í heimastofur. Síðan er hópunum skipt upp fimm sinnum yfir veturinn. Öll börn hafa verið í báðum stofum. Ein þrískipting



sem var notuð á móti tónmennt. Fjórskipt var í sund, tveir hópar á hvorri önn, verkmennt kennd á móti. Nánast vikulega var stöðvavinna þar sem skipt var í fjögurra manna hópa, ýmist getublandað eða getuskípt. Nýir hópar næstum vikulega. Engin ein hópaskipting reyndist betri en önnur, allt gott í bland.

Þar sem mikil fjölbreytni var í hópaskiptingum þá virtust börnin ekki gera sér grein fyrir þegar getuskípt var og gerðu ekki athugasemdir við skiptingarnar. Þessi mikla hópavinnu og fjölbreytni í hópum teljum við hafa eflt samheldni og samstöðu innan árgangsins.

SMT vinnan:

SMT- vinnan fellur vel að teymisvinnu. Þægilegt að kenna reglur í hópaskiptingum sérstaklega þar sem nemendur eru að læra reglurnar í fyrsta skipti í þessu umhverfi. SMT virkaði vel á nemendurna, þeir kepptust við að fara eftir reglunum til að fá vita. Við teljum að við hefðum getað gert betur og unnið markvissara með vitana.

Foreldrasamstarf:

- Vikulega var sendur föstudagspóstur til foreldra. Foreldrar voru boðaðir einu sinni á kynningu sem haldin var í febrúar í lok álfapema. Mæting var mjög góð.
- Í þróunarverkefninu sem unnið var með leikskólunum var foreldrum boðið að koma á sameiginlega sýningu um Búkollu sem haldin var á sal skólans. Mæting foreldra var góð. Einnig var þeim boðið að koma og fylgjast með sameiginlegri vinnu á stöðvum þegar unnið var að Nonna og Manna verkefninu. Foreldrar gátu valið á milli tveggja föstudaga (eða koma báða) og var þátttaka mjög dræm. Í vetur höfum við eindregið hvatt foreldra til að koma og fylgjast með í kennslustundum en heimsóknir hafa verið fáar.

Framtíðarsýn:



Næsta vetur hættir Hrefna og Sigrún Snædal kemur inn í staðinn. Við sjáum fyrir okkur að starfið verði með svipuðum hætti en vonandi bætist heldur í útikennsluna. Brýnasta verkefnið teljum við vera að kenna nemendum að hlusta betur, tala minna og fara betur eftir reglunum. Þar sem við höfum unnið lengi saman og þekkjumst orðið mjög vel, þá höfum við náð að nýta styrkleika hvor annarrar eins og okkur hefur frekast verið unnt. Við teljum að sveigjanleiki sé lykillinn að góðri teymisvinnu, að leyfa þörfum og áhuga nemendahópsins að leiða okkur á þær brautir sem þeim verður best sinnt og komið til móts við og einnig að hæfileikar kennarans nýtist sem best í allri vinnu. Virðing og væntumþykja eru nauðsynlegir þættir svo að teymi gangi vel, bæði gagnvart teymisfélögum, nemendum og öðru samstarfsfólki.

Teymisvinna 2. bekkur

Kennslufræðilegt:

Þemu:

- **Umferðin:** Íslenska, stærðfræði, lífsleikni. Verkefni unnin á vettvangi og inni í skólastofu.
- **Haustið:** Unnið út frá bókinni „Kynlegir kvistir“ sem Byrjendalæsissögu. Ýmis ritunar-, lestrar- og skriftarverkefni henni tengd. Unnið með laufblöð og greinar. Nemendur bjuggu til Greinaflækjur sem hengdar voru upp í stofunum.
- **Leikföng:** Tóta tætibuska og þemað „Leikföng“ í Einingu 3, var uppistaðan í þessari vinnu. Stöðvavinna og mikil samþætting. Heimsókn á Leikfangasafn. Toy story sýnd.
- **Bíllinn:** Byggt á námsefninu „Komdu og skoðaðu bíllinn“. Samþætt Byrjendalæsis-, stærðfræði-, samfélags- og lífsleikniverkefni. Stöðvavinna úti og inni. Vettvangsferð í þrjú bílþjónustufyrirtæki. Afrakstur: Veggmyndir og fyrirlestrar.
- **Pósthús:** Byggt á samnefndu þema í Einingu 4 og sögunni „Unugötu“. Fjölbreytt ritunarverkefni (aðallega sendibréfa) einkennandi. Vettvangsferð á pósthús. Leiksýningin „Unugata“ fyrir foreldra og 3. bekk.
- **Jólapema:** Byggt á kristinfræðinni og ýmsum jólaverkefnum og fündri. Heimsókn í Akureyrarkirkju, jólalög sungin fyrir gamla fólkið á Hlíð.
- **Árstíðir** – tímatal - klukka

- **Örkin hans Nóa:** Kristinfræði- og Byrjendalæsisverkefni. Upplýsinga- og tæknimennt í samvinnu við bókasafnið.
- **Land og þjóð:** Stórt og mikið verkefni. Fyrst var unnið með efni bókarinnar að ýmsum verkefnum með vinnuaðferðum Byrjendalæsis. Á seinni hluta verkefnisins tóku svo „sérfræðihópar“ til starfa. Þeir völdu sér verkefni eftir áhugasviðum og sýndu foreldrum sínum afraksturinn.
- **Mold og grjót:** Þema úr Einingu 4. Samþætting við íslensku og náttúrufræði, lífsleikni, myndmennt o.fl. Útistöðvar með fjölbreyttum verkefnum og leikjum.

Kennsluaðferðir:

- Fjölbreyttar aðferðir í hverju þema. Dæmi: Byrjendalæsi, söguaðferð, umræður, rannsóknir, sýnikennsla, leikræn tjáning, vettvangsnám, verklegar æfingar, leitarnám o.fl. og o.fl.
- Námsmat: Símat, mat á virkni, kannanir í íslensku og stærðfræði.
- Leiðsagnarmat byggðist á virkni og færni nemenda ásamt þeim könnunum og skimunum sem gerðar voru.
- Námsefni (fyrir utan það sem búið er að minnast á) Æfingahefti Sprota 2a og b að hluta. Vasareiknir 1 og 2. Lífsleikniefnið Zippy. Kristinfræðiefnið „Regnboginn“. Ýmislegt efni tengt Byrjendalæsi. Ritrún o.fl. aukaefni. Skriftarbækur: Skriftarefni frá Síðuskóla, Skrift 1 og renningar, ýmsar æfingar. Komdu og skoðuðu bílinn, umhverfið, hringrásir og Land og þjóð.

Teymisvinna kennara:

Teymisvinna og mappa á teymisfundum. Hvernig var undirbúningi teymisins háttað (nýting tíma, verkaskipting, annað). Hvernig skiptu kennarar innan teymisins með sér foreldraviðtölum? Fyrirkomulag á umsjón.

- Mappan hefur ekki verið opnuð nema að beiðni að „ofan“. Teymisfundir á stundaskrá á miðvikudögum hafa verið notaðir í undirbúning og samráð nema þegar við höfum fengið stjórnendaheimsóknir. Annar undirbúningur fer fram í eyðum og eftir kennslu alla daga í samræmi við vinnuramma hvers og eins og vinnuskyldu.
- Kennarar skiptu með sér verkefnum eftir aðstæðum hverju sinni, hæfileikum og áhugasviði.
- Foreldraviðtölin skiptust jafnt á alla og við reyndum að haga því þannig að yfir veturinn hittu allir kennarar alla foreldra a.m.k. einu sinni. Enda var umsjónin sameiginleg.

Kennslan:

- Tvær heimastofur með aðgangi að aukastofu. Með vissu millibili skiptu nemendur um heimastofu. Tvær þrískiptingar í gangi. Blandað í hópum. Þrískiptingin reyndist best.
- SMT vinnan krefst mikillar samræmingar á viðbrögðum teymiskennara. SMT virkar vel á langflesta. Suma nemendur virðist SMT ekki skipta neinu máli. Athyglimerkið virkar vel.
- Foreldrar mæta mjög sjaldan í skólann, nema þeir séu boðaðir sérstaklega. Þá mæta þeir vel. Föstudagspósturinn upplýsir foreldra um starfið og þeir kunna vel að meta það en hafa sjaldnast samband til baka. Þeim var tvisvar boðið á kynningar nemenda og alltaf þegar farið var í vettvangsferðir. Bekkjarráðið sá um jólaföndur einu sinni fyrir jól á skólatíma.
- Fyrir utan þetta eru haldnir fundir með einstaka foreldrum eftir þörfum og jákvæð skilaboð send á Mentor.

Framtíðarsýn:

- Teymið starfar ekki saman næsta vetur. Ein heldur áfram með árganginn, önnur fer í annan árgang og sú þriðja í launalaust leyfi.
- Teymið verður að geta leitað til lausnar-teymis vegna sérþarfa. Sérstakar ráðstafanir þarf að gera vegna nemenda með athyglisbrest og ofvirkni. Þrískipting hópsins kom langbest út varðandi vinnuaðstöðu nemenda en það krefst þriggja stofa eða rýma. Nauðsynlegt er að dreifa álaginu vegna foreldrasamstarfsins.
- Maður lærir alltaf eitthvað nýtt af nýju samstarfsfólki bæði kennurunum og nemendunum. Ýmislegt varðandi verkefni, vinnubrögð og skipulag læra menn hver af öðrum. Allt safnast í reynslubankann og er svo notað eftir þörfum á seinni stigum.

Teymisvinna 3. bekkur

Kennslufræðilegt:

Þær kennsluáðferðir sem notaðar voru innan árgangsins helguðust af hverju verkefni fyrir sig. Í íslensku var bæði stuðst við aðferðir skv. Byrjendalæsi og Orð af orði. Í lestrarkennslunni var bæði um einstaklingskennslu að ræða og kennslu í misstórum hópum eftir stöðu nemenda. Kennarar hafa lagt mikla áherslu á lestur í skóla og heima í vetur. Í stærðfræði var aðallega um að ræða nemendur - kennari svo og hlutbundna vinnu.

Eftirtalin þemu voru unnin í vetur: Trjápema, Komdu og skoðaðu fjöllin, Rithöfundarþema (Sigrún Eldjárn), Nú er Gunna á nýju skónum (lauk með atriði á litlu jólum), Komdu og skoðaðu himingeiminn, Ævintýraþema, Komdu og skoðaðu hafið og Sirkusþema. Engin verkefni voru unnin með öðrum árgöngum eða verkgreinakennurum þennan veturinn. Hinsvegar voru þemun; Komdu og skoðaðu fjöllin, Rithöfundarþemað, ævintýraþemað og komdu og skoðaðu hafið unnið í mjög góðri samvinnu við Dagnýju bókasafnskennara. Bækur, verkefni og vinnusemi var metin þegar að leiðsagnarmati kom. Námsefni má sjá í námsskrá bekkjarins.

Teymisvinna kennara:

- Teymisvinnan gekk í alla staði mjög vel en teymismappan var ekki nýtt nema þegar til þess var ætlast. Ekkert okkar kemur bekknum í fullu starfi og stundataflan er þannig að oft er óhjákvæmilegt annað en að við kennum tvö eða þrjú sama námsefnið. Þrátt fyrir þetta höfum við verið með verkaskiptingu í teyminu þannig að einn undirbýr tímana eins og kostur er fyrir hina.
- Umsjóninni er þannig háttað að við höfum öll umsjón með öllum nemendum. Foreldraviðtölunum skiptum við með okkur en tókum ekki endilega sömu foreldra í viðtal í öllum viðtölunum. Einnig kom það fyrir að við vorum fleiri en eitt í sama viðtali.

Kennslan:

- Einn kostur þess að hafa árganginn sem eina heild er að hægt er að skipta upp í fjölbreyttari hópa en annars og meiri sveigjanleiki er einnig til að breyta hópa-skiptingunni ef þurfa þykir. Árganginum var skipt í þrjá (greinar, könglar, lauf) og fjóra hópa (gulur, rauður, grænn og blár) með tilliti til samskipta. Einnig var kynjaskipt og getuskipt í hópa. Breytt var innan hópanna ef þurfa þótti, annars héldu þessir hópar sér yfir veturinn. Ákveðnar hópaskiptingar voru í hverju fagi. Nemendur voru flestir fljótir að læra hópana sína þó hver og einn tilheyrði mörgum hópum.
- SMT er vissulega viðbótarvinna fyrir teymið en teymismeðlimum finnst ágætt að vinna með það þó oft sé erfitt í hita aðstæðna að upphugsa í snatri tvo viðeigandi kosti fyrir nemanda. SMT fellur ágætlega að hópaskiptingum, reglur hafa verið lagðar inn og ræddar í fjórskiptum hópum. SMT virkar yfirleitt vel á nemendur ef kennarar eru duglegir að halda því vakandi.

Foreldrasamstarf:

Foreldrum var boðið á þrjár sýningar/kynningar í vetur. Sýningarnar voru ýmist á skólatíma eða eftir skóla. Ekki var munur á mætingu eftir því hvor tíminn var. Teymið sendir frá sér vikulega póst til foreldra þar sem kemur m.a. fram það sem verið er að vinna með hverju sinni og einnig þeir viðburðir sem eru framundan hjá bekknum.

Framtíðarsýn:

Teymið okkar helst næstum óbreytt næsta vetur (lánunum Sigpór Atla til Egilsstaða).

Breytingin er reyndar meiri hjá teyminu þar sem við erum að taka við nýjum nemendum.

Teymið horfir saman björtum augum til framtíðarinnar ☺

Þau ráð sem við viljum gefa þeim kennurum sem taka við núverandi nemendum okkar er að hafa og halda góðum ramma um nemendur, skrifa dagsskipulag á töfluna á hverjum degi og síðast en ekki síst hafa gott samband við foreldra.

Teymisvinna 4. bekkur

Kennslufræðilegt:

Stærðfræði:

Notaðar voru kennslubækurnar Eining 7 og 8, Línan 8, Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu og Vasareiknir. Ýmsar kennsluaðferðir voru notaðar við kennsluna og má t.d nefna paravinnu, hópavinnu og einstaklingsvinnu. Við skólann var farið í útistærðfræði og var þá aðallega fengist við mælingar eins og ummál og flatarmál. Námsmati var þannig háttað að um símat var að ræða ásamt prófum. Námssefninu var skipt niður í ákveðin þemu.

Íslenska:

Í íslensku var unnið eftir aðferðafræðinni Orð af orði undir leiðsögn Guðmundar Engilbertssonar. Einnig var stuðst við aðferðir úr Byrjendalæsi. Auk þess voru námsbækurnar Ritrún, Málrækt 1 og Skinna notaðar sem ítarefni allt eftir hæfni hvers og eins nemanda.

- **Lestur:** Yndislestur var nær daglega í u.þ.b 15 - 20 mínútur í senn. Heimalestur var daglega þar sem nemendur áttu að lesa upphátt fyrir foreldra og einnig voru einstaka nemendur sem lásu upphátt fyrir stuðningsfulltrúa 3 – 4 sinnum í viku. Í vetur var farið í lestrarátakið Fágæti og furðuverk í samvinnu við HA.
- Atkvæðapróf var fjórum sinnum yfir veturinn.

- **Skrift:** Nemendur æfðu tengiskrift og til þess voru notaðar forskriftabækur. Misjafnt var í hvaða bókum nemendur voru staddir allt frá Forskrift 4 til Forskrift 6. Námsmatið í skrift var fólgið í símati, leiðsagnarmati og skriftarprófi að vori.
- **Málfræði:** Orð af orði, Byrjendalæsi og fyrrgreindar námsbækur sem ítarefni. Áhersla var á vinnu nafnorða og einnig voru sagnorð og lýsingarorð kynnt fyrir nemendum. Námsmatið var í formi leiðsagnarmats og símats. Einnig voru tvö próf yfir veturinn, eitt á haustönn og eitt að vori.
- **Bókmenntir:** Unnið var með ljóð og ýmsar sögur. Samhliða þessu var unnið með lesskilning og einnig var mikið samstarf við bókasafn þar sem verkefni í tengslum við bókasafn voru unnin þar. Leiðsagnarmat, símat og lesskilningsverkefni.

Náttúrufræði:

Grunnnámsefnið var kennslubókin „Náttúran allan ársins hring“, „Himingeimurinn“ og „Hringrásir“ ásamt ýmsu efni af vef Námsgagnastofnunnar. Notast var við fræðslu-myndbönd Námsgagnastofnunnar í tengslum við kafla í bókinni. Mikið var farið út og nánasta umhverfi skólans notað við vinnu á ýmsum verkefnum sem tengjast náttúrunni. Má þar nefna plöntuskoðun, plöntugreiningu, verkefni um fugla og skordýr og margt fleira. Ýmsar kennsluaðferðir voru notaðar og þá einna helst hópa- og paravinna, ásamt þemavinnu. Námsmatið byggðist upp á símati þar sem stutt verkefni og vinnusemi nemenda voru höfð að leiðarljósi.

Samfélagsfræði:

Í samfélagsfræði voru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir. T.d. leitarnám, Orð af orði, útikennsla, sýnikennsla, fyrirlestur, tölvuvinna, þemaverkefni og fleira. Verkefni voru ýmist hópa- og paraverkefni. Námsmatið var í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og símat var á vinnubrögðum.

Enska:

Kennslubókin „Speak out!“ auk verkefna af skólavef og tilbúinna verkefna frá kennara um fjölskyldu, liti, líkama og föt. Kennslan byggðist upp á verkefnum, leikjum og töluðu máli. Ekki var formlegt námsmat í ensku.

Lífsleikni:

Í lífsleikni var tekið heildstætt þemaverkefni af vef námsgagnastofnunnar eftir Kristínu Gísladóttur, Tilfinningar. Markmiðið var að nemendur þjálfist í:

- samskiptum, samvinnu og samkennd
- að hlusta og taka tillit til annarra
- lestri og tjáningu

Efni þetta var notað sem grunnur og umræður og verkefni unnið úr því. Bekkjarfundir fóru fram í lífsleiknitímum. Árshátíðarundirbúningur var auk þessa inn í lífsleiknitímum. Á vordögum var bókin Líf og leikur tekin fyrir með hópavinnu, leikjum og verkefnum.

Trúarbragðafræði:

Kennslubókin „Trúarbrögðin okkar“ var lesin, rædd og unnin verkefni upp úr efni hennar, sem útbúið var af kennara ásamt því af efni var tekið af vef. Í lokin gerðu nemendur sér vinnubók og unnu sjálfsmat.

Teymisvinna kennara:

Teymisfundir teymisins voru nýttir þannig að annars vegar voru unnin verkefni frá próunarstjórn/stjórnendum. Hins vegar var unnið að undirbúningi kennslu og skipulagningu þar að lútandi. Teymið skipti með sér námsgreinum, að því leyti að hver meðlimur sá um ákveðna námsgrein en jafnframt var reynt að samþætta þær eftir því sem færi gafst. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel og fyrir vikið var hægt að einbeita sér betur að þeirri grein sem hver sá um. Fyrirkomulag á umsjón var þannig að hver kennari tók ákveðin hóp í viðtöl og allir lögðu sig fram við að koma til móts við nemendur og foreldra.

Kennslan:

- Árgangnum var skipt í 2 heimastofuhópa og strax var ákveðið að þrískipta einnig í grunnfögum. Þrískiptingu var haldið í ensku/lífsleikni/stærðfræði og íslensku, þeim hópum var svo breytt nokkrum sinnum yfir veturinn.
- Bekknum var kennt í tveimur samliggjandi stofum og voru þær notaðar sem heimastofur. Lítið skot er inn af þeim sem gjarna var nýtt, eins fengum við sérkennslustofu innar á gangi st. 111 í þrískiptingu sem nýtt var þegar minni hópar voru myndaðir. Námsfni var aðlagð að þörfum hvers nemanda og með aðstoð stuðningsfulltrúa höfum við reynt að haga námsaðlögun þannig að hún fari að mestu fram inn í tímum með hópnum. Þó höfum við einnig búið til litla hópa sem hafa þá farið í litla stofu með sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Þá höfum við raðað þannig saman einstaklingum að ró og samvinna myndist í þessum litlu hópum og tókum fyrir það efni sem helst telst þörf á í hvert sinn.

- SMT: við höfum notað SMT við agastjórnnum og farið þar eftir því skipulagi sem gefið er af SMT teymi skólans. Vitar eru notaðir, athyglimerki og samræðan við nemendur í minni hópum.
- Foreldrasamstarf var með mjög hefðbundnu sniði, foreldrar komu í viðtöl við kennara á viðtalsdögum, kennarar sendu póst heim alla föstudaga þar sem talað var um hvernig gengið hefði þá vikuna og látið vita hvað væri framundan. Foreldrar komu á námsefniskynningu í haust og var vel mætt. Foreldrum var boðið á spilakvöld, þar sem veitingar voru í boði nemenda og foreldra þeirra, kynjaskipting var sem gafst mjög vel. Foreldrar komu að voru á kynningu nemenda á Ísland áður fyrr, veitingar og skemmtilegt spjall.

Framtíðarsýn:

- Skipulagið var mjög gott í vetur og vonandi heldur það áfram. Helsta verkefnið okkar í teyminu var gott skipulag, verkaskipting, góð samvinna og traust. Stefnan er að nota þessa færni okkar en frekar næsta skólaár. Varðandi árganginn þá krefst hann mikils aðhalds og skipulags. Þemaverkefni og hópastarf virkuðu mjög vel og nemendur voru fljótir að tileinka sér slík vinnubrögð. Mjög mikilvægt er að hafa samfellu í stundaskránni til að hægt sé að halda slíkum vinnubrögðum þar sem þrjú kennarar eru við kennslu í árgangnum í þessari samfellu. Einnig teljum við mikilvægt að geta þrískipt hópnum í þrjár stofur í samfellunni.
- Varðandi stuðningsfulltrúa er mikilvægt að hafa tvo stuðningsfulltrúa þar sem samsetning nemendahópsins krefst þess svo hægt sé að mæta þörfum allra sem best.
- Sérstök úrræði eru mjög nauðsynleg að hafa fyrir sex nemendur sem allir hafa umfangsmiklar greiningar þess utan eru nokkur börn með leshömlun (dyslexiu) Veturinn hefur verið mjög góður hjá teyminu og við horfum björtum augum á næsta skólaár.

Teymisvinna 5. bekkur

Kennslufræðilegt:

Stærðfræði:

Notaðar voru kennslubækurnar Geisli 1A og Geisli 1B, Stjörnubækur, Stika 1 og Vasareiknir ásamt efni frá kennara. Ýmsar kennsluaðferðir voru notaðar við kennsluna og má t.d nefna para-, hópa- og einstaklingsvinnu. Við skólann var farið í útistærðfræði og var

Þá aðallega fengist við mælingar eins og ummál, flatarmál, þvermál og geisla. Námsmatið var þannig háttað að um símat var að ræða. Námssefninu var skipt niður í ákveðna pakka og eftir hvern pakka voru lagðar fyrir misstórar kannanir sem mynduðu ásamt vinnusemi og áhuga lokaeinkunn í áfanganum. Ekki var því um eiginlegt lokapróf að ræða en síðasta könnunin var þó stærst. Þegar kom að leiðsagnarmatinu voru þessar áður nefndu kannanir notaðar til að meta nemendur.

Íslenska:

Í íslensku var unnið eftir aðferðafræðinni Orð af orði. Einnig var stuðst við aðferðir úr Byrjendalæsi. Auk þess voru námsbækurnar Mál til komið, Málrækt 1 og 2, Blákápa, Völusteinn og Skinna notaðar sem ítarefni allt eftir hæfni hvers og eins nemanda.

- **Lestur:** Yndislestur var 3 daga vikunnar u.þ.b 20 mínútur í senn. Heimalestur var daglega þar sem nemendur áttu að lesa upphátt fyrir foreldra og einnig voru einstaka nemendur sem lásu upphátt fyrir stuðningsfulltrúa 3 – 4 sinnum í viku. Atkvæðapróf var tvisvar sinnum yfir veturinn.
- **Skript:** Nemendur æfðu tengiskrift og til þess voru notaðar forskriftabækur. Misjafnt var í hvaða bókum nemendur voru staddir allt frá Forskrift 4 til Forskrift 6. Námsmatið í skrift var fólgið í símati og leiðsagnarmati.
- **Málfræði:** Orð af orði, Byrjendalæsi og fyrrgreindar námsbækur sem ítarefni. Áhersla var á vinnu nafnorða, sagnorða og lýsingarorða með fallbeygingum, greini, stigbreytingu og almennri ritun. Námsmatið var í formi leiðsagnarmats og símats. Einnig voru tvö próf yfir veturinn, eitt á haustönn og eitt að vori.
- **Bókmenntir:** Unnið var með valið efni úr Blákápu og Völusteinum. Samhliða þessu var unnið með lesskilning og einnig var mikið samstarf við bókasafn þar sem verkefni í tengslum við bókasafn voru unnin þar. Þar á meðal unnu börnin kjörbókaritgerð úr bókinni „Fransbrauð með sultu“ eftir Iðunni Steinsdóttur. Leiðsagnarmat, símat og lesskilningsverkefni auk eins prófs úr Blákápu og einkunnar fyrir ritgerð.

Náttúrufræði:

Grunnnámsefnið voru kennslubækurnar Lífríkið á landi og Auðvitað 1 ásamt ýmsu efni af vef Námsgagnastofnunnar eins og Lífsferlar í náttúrunni og plöntuvefurinn. Notast var mikið við fræðslumyndbönd Námsgagnastofnunnar í tengslum við kafla í bókunum. Mikið var farið út og nánasta umhverfi skólans notað við vinnu á ýmsum verkefnum sem tengjast náttúrunni. Ýmsar kennsluáferðir voru notaðar og þá einna helst hópa- og paravinna.

Námsmatið byggðist upp á símati þar sem stutt verkefni og vinnusemi nemenda voru höfð að leiðarljósi.

Samfélagsfræði:

- **Landafræði:** Grunnámsefnið var „Ísland veröld til að njóta“, lesbók og vinnubók. Nemendur lásu lesbókina og unnu verkefni í verkefnabók samhliða. Orð af orði var notað og má þar nefna krossglímur, hugtakakort o.fl. Námsmatið byggðist á kaflaprófum og mati á vinnubók ásamt vinnusemi og áhuga.
- **Saga:** Grunnkennsluefni: „Á ferð með Leifi heppna“ lesbók og myndband. Nemendur fengu úthlutað ákveðnum köflum úr bókinni og unnu í hópum með hann. Útbúinn var myndasaga sem nemendur kynntu hver fyrir öðrum þegar vinnu lauk. Horft var á myndbandið um Leif heppna. Námsmat byggðist á verkefninu ásamt vinnusemi og áhuga.

Enska:

Grunnkennsluefnið var Work out en einnig var stuðst við Speak out. Mest megnis var unnið með orðaforða sem tengist köflum bókanna. Námsmatið byggist á litlum könnunum reglulega yfir veturinn sem mynduðu heildareinkunn í lokin.

Lífsleikni:

Bekkjarfundir voru vikulega þá var hópnum þá skipt í 10-12 manna hópa. Umræðuefni voru það sem börnin eða kennarinn töldu nauðsynlegt að ræða hverju sinni og oft eitthvað tengt SMT vinnu. Unnið var með bókina Ég er bara ég og hugarefni kennarans hverju sinni. Einnig var hópurinn hristur reglulega saman með spilamennsku.

Trúarbragðafræði:

Kennslubókin „Brauð lífsins“ var aðal kennsluefnið og voru valdir kaflar úr henni notaðir. Nemendur lásu kaflana og í framhaldi var unnið úr þeim ýmist í hópum, pörum eða einstaklingsvinnu og í kjölfarið bjuggu nemendur til verkefnabækur. Námsmat byggðist á þessum verkefnabókum og vinnusemi.

Teymisvinna kennara:

Teymisfundir teymisins voru nýttir þannig að annars vegar voru unnin verkefni frá þróunarstjórn/skólastjórn og var það fastur tími einu sinni í viku í klukkutíma í senn. Hins vegar var unnið að undirbúningi kennslu og skipulagningu þar að lútandi. Teymið skipti

með sér námsgreinum og sá hver teymismeðlimur um ákveðna grein. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel og fyrir vikið var hægt að einbeita sér betur að þeirri grein sem hver sá um. Fyrirkomulag á umsjón var þannig að hver kennari var með ákveðinn umsjónarhóp og tók hann í viðtöl.

Kennslan:

- Í upphafi var árganginum skipt í 2 heimastofuhópa og strax var ákveðið að þrískipta einnig í grunnfögum. Þrískiptingu var haldið í ensku/lífsleikni, stærðfræði og íslensku, þeim hópum var svo breitt nokkrum sinnum yfir veturinn.
- Bekknum var kennt í þremur stofum, allar jafn stórar og voru tvær notaðar sem heimastofur og þar var kennd íslenska og stærðfræði en þriðja stofan var notuð fyrir ensku, lífsleikni og þegar minni hópar voru myndaðir.
- Námsfni var aðlagað að þörfum hvers nemanda og með aðstoð tveggja stuðningsfulltrúa höfum við reynst að haga námsaðlögun þannig að hún fari að mestu fram inn í tímum með hópnum. Þó höfum við einnig búið til litla hópa sem hafa þá farið í þriðju stofuna með kennara. Þá höfum við raðað þannig saman einstaklingum að ró og samvinna myndist í þessum litlu hópum og tókum fyrir það efni sem helst telst þörf á í hvert sinn.
- Sérstakt úrræði var fundið fyrir einn nemanda þannig að hann gæti unnið í friði og ró og hefur það gefist mjög vel.
- SMT: við höfum notað SMT við agastjórnnum og farið þar eftir því skipulagi sem gefið er af SMT teymi skólans. Vitar eru notaðir, vinnufriðsspjöld er aðeins notað en athyglimerkið er mikið notað og hefur það gefist vel. Teymismeðlimir eru ágætlega sáttir við að vinna með SMT.
- Foreldrasamstarf var með mjög hefðbundnu sniði, foreldrar komu í viðtöl við kennara á viðtalsdögum, kennarar sendu póst heim alla föstudaga þar sem talað var um hvernig gengið hafði þá vikuna og látið vita hvað væri framundan. Foreldrar komu á námsefniskynningu í haust og var vel mætt.

Framtíðarsýn:

- Á næsta skólaári verður lítilsháttar breyting á teyminu, þar sem Snorri fer væntanlega út úr teyminu og annar kennari kemur inn í stað hans í tungumálakennslu. Einnig fer María stuðningsfulltrúi og annar kemur í staðinn.

- Skipulagið var mjög gott í vetur og við stefnum á að halda því áfram. Helsta verkfærið okkar í teyminu var gott skipulag, verkaskipting, góð samvinna og traust. Stefnan er að nota þessa færni okkar enn frekar næsta skólaár.
- Þar sem nýir teymisfélagar koma inn í teymið er mikilvægt að kynna fyrir þeim þetta skipulag og starfshætti með von um að þeir tileinki sér þessi vinnubrögð.
- Varðandi árganginn þá krefst hann mikils aðhalds og skipulags. Hringekjur virkuðu mjög vel og nemendur voru fljótir að tileinka sér slík vinnubrögð. Mjög mikilvægt er að hafa samfellu í stundarskránni til að hægt sé að halda slíkum vinnubrögðum þar sem þrír kennarar eru við kennslu í árgangnum í þessari samfellu. Einnig teljum við mikilvægt að geta þrískipt hópnum í þrjár stofur í samfellunni.
- Varðandi stuðningsfulltrúa er mikilvægt að hafa tvo stuðningsfulltrúa þar sem samsetning nemendahópsins krefst þess svo hægt sé að mæta þörfum allra sem best.
- Veturinn hefur verið mjög góður hjá teyminu og við horfum björtum augum á næsta skólaár.

Teymisvinna 6. bekkur

Kennslufræðilegt:

Kennsluaðferðir: Innlagnir, einstaklingsverkefni, para- og hópavinna, uppgötvunar- og vettvangsnám, orð af orði, SSLSR – lestrartækni, hraðlestur, leikir og spil auk umræðna.

Þemu:

- Lífríki í fersku vatni/hornsíli, Norðurlönd, Heimilið-enskuverkefni

Námsmat:

- Skrifleg próf/kannanir, hópapróf, mat á vinnubókum, mat á hópverkefnum (veggspjald, upplestur, skemmtiatriði), sjálfsmat
- Við leiðsagnarmat voru notaðar stuttar kannanir, kaflapróf í stærðfræði og mat á verkefnum

Samvinna við aðra árganga/ verkgreinar:

- Spilatímar með 5. bekk, sameiginlegur vettvangsdagur miðstígs að vori. Einnig samstarf við leikskólana í hverfinu.

Námsefni:

- Íslenska: Mál í mótun, grunnbók og vinnubók. Málrækt 3, Skræða 1, Skrift 6, Réttitunarverkefni 2-3, Rauðkápa.
- Stærðfræði: Geisi 2A og B, Geisli vinnubók, Stjörnubækur, Vasareiknir, Stika, Hringur og kennsluvefir á nams.is.

- Samfélagsfræði: Norðurlöndin, grunnbók og vinnubók, ásamt efni af bókasafni og netinu. Snorra saga, lesbók og verkefni samin af kennurum.
- Náttúrufræði: „Lífríkið í fersku vatni“, Hornsíli, Auðvitað 2
- Lífsleikni: Ég er bara ég, valdir kaflar úr Ljós heimsins (klípusögur), ýmis frumsamin verkefni.
- Enska: Build up 1. Hicory, Dicory, Doc, Easy true stories, ensk málfærði A-hefti, léttlestrarbækur.

Teymisvinna kennara:

- Við notuðum teymismöppu nánast ekki neitt, unnum þó þau verkefni sem fyrir okkur voru lögð. Aðallega var vinna teymisins í höndum umsjónarkennara en þó kom Atli þar inn eftir þörfum. Innan vinnuramma unnu umsjónarkennarar nánast öll verk í sameiningu.
- Kennarar skiptu með sér kennslu í íslensku, stærðfræði og ensku og undirbyggðu þau fög hvor í sínu lagi. Kennsla og undirbúningur samfélagsgreina var sameiginlegur. Skilafundum og fundum v/ákveðinna nemenda skiptum við að hluta til með okkur.
- Foreldraviðtölum var skipt jafnt á kennara, kennarar ræddu við sömu nemendur í öllum viðtölum vetrarins.
- Sameiginleg umsjón með öllum nemendum.

Kennslan:

- Nemendur áttu sína heimastofu sem þeir mættu í að morgni og sú hópaskipting hélst í íslensku og stærðfræði, samsetningu hópsins í heimstofur var fjórum sinnum breytt yfir veturinn.
- Hópurinn var þrískiptur í 6 klst. á viku, 2 klst. á nemanda, sú hópaskipting reyndist mjög vel og þeir hópar héldu sér allan veturinn og þessir tímar voru mjög góðir.
- Í samfélags- og náttúrufræði fóru hópaskiptingar eftir verkefnum.

SMT vinnan:

- Farið var yfir SMT-reglutöfluna á bekkjarfundum og hún rifjuð upp af og til allan veturinn.
- Okkur finnst gott bæði fyrir nemendur og starfsfólk að hafa reglurnar svona vel samræmdar og eins alls staðar í stofnuninni.
- Teymisfélögum gekk ágætlega að vinna með SMT fyrir utan að skráning MENTORMIÐA var að þvælast fyrir okkur.

Foreldrasamstarf:

- Foreldrum var boðið á kynningu á hópaverkefni um Norðurlöndin, mæting mjög góð eins og alltaf.
- Vikulegur tölvupóstur sendur alla föstudaga með upplýsingum umstarf vikunnar og upplýsingar fyrir komandi viku.
- Foreldrafulltrúar skipulögðu tvö skemmtikvöld á vetrinum.

Framtíðarsýn:

- Að hafa mjög góðan ramma um kennsluna, þau þola illa frelsi í vinnu. Huga vel að hópaskiptingum
- Halda áfram með vinnu þar sem tekið er á framkomu í samskiptum og orðbragði.
- Huga betur að verkaskiptingu til hagræðingar og tímasparnaðar.

Teymisvinna 7. bekkur

Kennslufræðilegt:

Kennarar árgangsins hafa reynt að vera með fjölbreytni í vinnubrögðum þó að eflaust megi betur gera. Við höfum notað eftirfarandi kennsluaðferðir í mismiklum mæli:

Innlögn/fyrirlestur, hópa- og paravinna, „Rollelæsning“, leikir, umræður, einstaklingvinna, heimsóknir, Orð af orði framan af vetri og lítilsháttar í lok vetrar.

Þemu: Evrópa, ljóðaverkefni, Stóra-upplestrarkeppnin með tilheyrandi æfingum, miðaldir og mannréttindaverkefni.

Námsmat: Próf, frammistaða í tímum, virkni í verkefnum og í tímum, hópvinna, heimavinna, sjálfsmat í verkefnavinnu. Til grundvallar leiðsagnarmatinu höfðu kennarar til hliðsjónar virkni í tímum, skrifleg próf og heimavinnuskil. Frágangur verkefna og vinnubóka var einnig tekinn með.

Samstarf: Í vetur höfum við ekki unnið nein verkefni með sérgreinakennurum. Við höfum verið í samstarfi við 1. bekkjarkennara og hafa nemendur okkar farið reglulega í 1. bekk og fylgt nemendum í íþóttatíma, verið með spilatíma og fönður, auk þess sem þau hafa farið að lesa fyrir þau. Á áætlun er að fara í sameiginlegt verkefni með 8. bekk um mannréttindi (var gert).

Námsefni:

- Íslenska: Málrækt, Mál er miðill, Grænkápa, Skræða, ljóð, fallorð og orð af orði.

- Stærðfræði: Geisli 3, Geisli 3A og 3B, Sproti, Almenn stærðfræði 1 og ýmis aukaverkefni.
- Náttúrufræði: Auðvitað 3, Lífríki í sjó og Maðurinn.
- Enska: Build up 2 og Action, myndefni(Friends), ýmis málfræðiverkefni og léttari lestextar.
- Danska: Start, lesbók og vinnubók, myndefni (Mille), Grammatik (nokkur verkefni).
- Samfélagsfræði: Evrópa, Ein grjóthruða í hafinu, Miðaldafólk á ferð.
- Trúarbragðfræði: Islam, Gyðingdómur, Hindu, Buddha

Teymisvinna kennara:

Við höfum lítið sem ekkert notað teymismöppuna í vetur. Á teymisfundum höfum við farið yfir og skipulagt SMT-verkefni og umræður og rætt um verkaskiptingu og skipulag í bekknum. Ákveðin verkaskipting hefur verið innan teymisins, t.d. föstudagspóstar eru í umsjá HRG sem og verkstjórn innan teymisins og kennslufræði. Hópaskiptingar eru í umsjón Örnú Ýrar, aðrar skiptingar hafa verið í umsjón teymisins. Friðgeir hefur haldið utan um vitasöfnun í árganginum. Arna Ýr hefur séð um samskipti við 1. bekkjarkennara um samstarf á milli árganga. Friðgeir hefur séð um úrvinnslu tengslakannana. HRG er með 10 nemendur í umsjón, Arna Ýr 22 nemendur í umsjón og Friðgeir 20 nemendur. Að öllu jöfnu höfum við tekið foreldraviðtölin í samræmi við þá umsjónarnemendur sem við höfum haft en að sjálfsögðu komum við til móts við þarfir hvers og eins innan teymisins.

Kennslan:

Nemendum hefur verið skipt í þrjár kennslustofur og hafa kynjahlutföllin verið nokkuð jöfn í heildina. Á fimmtudögum hefur árganginum verið skipt upp í tvo hópa og hefur Guðmundur Víðir tekið út smærri hópa í sérkennslu. Bekkjarfundir hafa verið að öllu jöfnu kynjaskiptir og þá hafa Friðgeir og HRG skipt með sér drengjunum og Arna Ýr hefur verið með allar stúlkurnar. Við höfum skipt um hópa á 4-5 vikna fresti og hafa þá nemendur skipt um stofur. Þó hafa verið ákveðnir nemendur alltaf verið í sömu stofu og í sama sæti, sem hefur hentað þeim betur.

SMT vinnan:

Teymið er sammála um að það sé mjög gott að hafa reglur sem allir fara eftir og gildir fyrir alla nemendur. Varðandi vitagjöf, þá eru kennarar í teyminu misduglegir að gefa vita og eru kennarar vel meðvitaðir um að þurfa að vera duglegri í að gefa vita. Við höfum tekið fyrir SMT reglu á hverjum bekkjarfundi skv. árshjólinu.

Foreldrasamstarf:

Foreldrar hafa því miður ekki verið boðaðir til að fylgjast með kynningum nemenda í skólanum og þar hefðum við mátt gera betur. Foreldrar fylgdust með lokaæfingu á Strumpaleikritinu sem nemendur sömdu og léku á Litlu-jólunum. Eins voru foreldrar boðnir á Stóru upplestrarkeppina. Foreldrar skipulögðu og höfðu umsjón með bekkjarkvöldi með 1. bekk. Kennarar sáu til þess að nemendur hefðu allir hlutverk og skemmtu nemendum. Því miður var það þannig að það voru nánast eingöngu foreldra í bekkjarráðinu sem mættu á það bekkjarkvöld.

Á hverjum föstudegi hefur verið sendur póstur heim þar sem farið hefur verið yfir liðna viku og rætt um það sem er framundan hverju sinni.

Einstaka foreldri hefur mætt í skólann og fylgst með í tímum og kennarar hafa verið í talsverðu sambandi við foreldra og hafa verið haldnir reglulegir fundir með eintaka foreldrum vegna hegðunar og námsframvindu nemenda.

Framtíðarsýn:

Í vor ætlum við að skipuleggja haustönnina eins og kostur er. Í stundatöflu ætlum við setja fleiri tvöfalda tíma. Ætlunin er að skipta nemendum í stærðfræðihópa og skipuleggja námsefni í samræmi við þarfir og getu hópanna. Þá ætlum við einnig að skipuleggja þemu og áhugasviðsverkefni.

Við bekkjum nemendum að sjálfsögðu þegar við mætum í skólann og áttum okkur betur á þörfum hvers og eins.

Teymisvinna 8. bekkur

Kennslufræðilegt:

Kennarateymið lagði sig fram um að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og reynt var að flétta inn í námið leikjum o.fl. Námsmátið var af ýmsum toga, hefðbundin skrifleg próf, paravinna o.fl. Í sumum námsgreinum var símat og mat á verkefnavinnu. Í leiðsagnarmáti var fyrst og fremst hugsað um frammistöðu í tímum, virkni og niðurstöður úr skriflegum prófum.

Lögð var áhersla á að vinna með bekkjaranda og samskipti. Haldnir voru vikulegir bekkjarfundir frá september og fram í apríl/maí. Í maí var útivist og ýmsir fundir sem komu í staðinn fyrir bekkjarfundina.

Námsefnið:

- **Íslenska:** Skerpa 1, Mályrkja I, Smáorð. Hrafnkelssaga.
Lestur og bókmenntir: Lögð var áhersla að yndislestur í september og október. Unnið var með hluta af efninu lesið til skilnings í október og nóvember. Í febrúar ver tekin lota í paralestri og æfingum í að taka saman texta. Hraðlestrarátak var í apríl. Í nóvember var unnið með skáldið Ingunni Snædal í tengslum við dag íslenskrar tungu og fluttu ljóð og flautuleik í tengslum við þau í Brekkuskóla.
Björg og Guðmundur Víðir unnu með nemendum með mikla lestrarörðugleika í lestrarátaki í febrúar.
Mat í íslensku var byggt á verkefnum, prófum og vinnu í Hrafnkelssögu.
- **Stærðfræði:** Átta til tíu-1 og Almenn stærðfræði I. Sumir nemendur unnu í bókunum í dagsins önn og heftum sem æfðu vissa þætti í stærðfræðinni. Heimadæmi, kaflapróf, lokapróf og virkni í tímum.
- **Samfélagsfræði:** Landafræði handa unglíngum I. Virkni í tímum metin extra og ýmis stutt verkefni og textar. Í trúarbrögðum var unnið í kynjaskiptum hópum sem gafst mjög vel. Farið var yfir gyðingdóm og íslam, hindúatrú og búddatrú. Námsmat byggðist á verkefnabókavinnu og frammistöðu í tímum.
- **Náttúrufræði:** Einkenni lífvera, Orka. Tekin voru kaflapróf. Virkni í tímum metin.
- **Danska:** Klar Parat, Tænk og ýmis verkefni, munnleg, skrifleg, teiknuð og klippt. Leikir voru talsvert notaðir til að örva munnlega tjáningu og það var horft á danskar kvikmyndir (Tempelriddernes skat I og II og 4 þætti af Mille). Halddans abc var lítillaga notuð og dönsk lög tekin af Youtube og unnið með texta. Námsmat byggt á prófum, munnlegum og skriflegum og vinnusemi (25%)
- **Enska:** Matrix Foundation (Student's book og Workbook), Go for it!, Listening extra og ýmis stutt verkefni og textar. Námsmat byggt á niðurstöðu á sagnaprófum, málfræðiþrófum, heimaprófum, ritun, munnlegu prófi, lesskilningi og vinnusemi.

Teymisvinna kennara:

Teymið hittist á mánudögum. Fundirnir voru fyrst og fremst skipulagsfundir. Teymið skipulagði næstu viku, hópaskiptingar, lagði drög að þemaverkefnum og skipti með sér verkum. Þá ræddum við kennslufræðileg málefni, nálgun á námsefni o.fl. Í heimsóknnum deildarstjóra og skólustjóra var rætt um vinnu teymis.

Umsjónakennarar í árganginum voru þrír og skiptu þeir með sér umsjón Guðmundur Víðir hafði einnig umsjón með 2 nemendum. Hanna og Björg stuðningsfulltrúi aðstoðuðu í hópum eftir þörfum.

Kennslan:

8. bekk var að jafnaði skipt í þrjá, sambærilega hópa. Hópnum var „endurraðað“ mánaðarlega allan veturinn. Í upphafi vetrar var prófað að fjórskipta hópnum og gert var ráð fyrir „léttu“ verkefni á einni stöðinni þar sem nemendur bjarga sér sjálfir en það reyndist ekki ganga nógu vel.

Nemendur sem ekki náðu tókum á námsefni bekkjarins fengu að jafnaði námsefni við hæfi. Við hefðum getað gert betur hvað námsaðlögun varðar og við munum benda kennurum sem taka við hópnum á það sem betur mátti fara hjá okkur. Stuðningsfulltrúi og sérkennari unnu og skipulögðu heimavinnu að öllu leyti fyrir nemendur með námsörðugleika.

Stuðningur við nemendur með námsörðugleika var að mestu veittur inn í bekk.

SMT-vinna virkar vel á nem. í 8. bekk og það er greinilegt að nemendum þykir nokkuð koma til þess að fá vita. Kennarar í teyminu stóðu sig ekki allir í SMT-vinnu, sérstaklega hvað varðar að gefa vita. Á bekkjarfundum var ýmislegt sem tengist SMT stundum tekið fyrir og rætt. Teymið sjálft hefði þurft að vinna betur og vera duglegri að minna hvert annað á að gefa vita og vera vakandi fyri góðri hegðun.

Foreldrasamstarf var að mestu hefðbundið. Foreldraviðtöl 3x yfir veturinn, haustfundur og tölvupóstsamskipti er meginrammi samvinnunnar. Fundir með einstökum foreldrum voru haldnir, ýmist í tengslum við samskipti við bekkjarfélaga eða námsaðlögun.

Framtíðarsýn:

Teymið sem tekur við þarf að halda þétt utan um hópinn og huga vel að námsaðlögun og stuðningi við einstaka nemendur. Í hópnum er mikið af nemendum sem hafa greiningar og það þarf að vinna í samræmi við þær greiningar. Í vetur hefur markvisst verið unnið með samskipti í bekknum og það hafa veið haldnir vikulegir bekkjarfundir megnið af vetrinum. Við teljum það vera nauðsynlegt að halda slíkri vinnu áfram.

Teymisvinna 9. og 10. bekkur

Kennslufræðilegt:

Kennt var út frá markmiðum aðalnámskrá grunnskóla 2007 og notaðar til þess ýmsar mismunandi kennsluaðferðir eftir því hvað hentar best hverju sinni miðað við hvaða atriði er verið að þjálfra eða vinna hverju sinni. Unnið hefur verið með ýmsar kennsluaðferðir og lagt upp með að hafa þær sem fjölbreyttastar. Helst má telja framfaramöppukerfi, útlistunarkennslu, verklegar æfingar, þrautalausnir, hópavinnu, paravinnu, innlifun og

tjáningu, umræðu- og spurnaraðferð, uppgötvunarnám, samvinnunám, einstaklingsvinnu, leiki og spil og orð af orði.

Námsmat var fjölbreytt og unnið af kennurum jafnt og nemendum. Verkefnavinna skipaði stóran sess sem og próf bæði munnleg og skrifleg. Kannanir, vinna í tímum, sjálfsmat, leiðsagnarmat, jafningjamat og matshefti voru einnig unnin. Þemavinna var unnin í íslensku og ensku. Einnig unnu nemendur þemaverkefni í náttúrufræði í námsveri. Nemendur unnu verkefni saman þvert á árganga á fjölgreindarleikunum.

Stærðfræði:

- **9. bekkur:** Grunnbækur voru Átta-tíu 3 og 4. Einnig fóru allir í rasmus.is ásamt efni úr Almennu stærðfræðinni og viðbótarverkefnum kennara. Vinkill var notaður sem ítarefni í vinnustofum. Nemendur fóru líka í Flensborgarverkefni, sodoku og þrautalausnir. Heimadæmi, heimapróf, kaflapróf og vorpróf voru öll á skriflegu formi nema rasmus.
- **10. bekkur:** Grunnbækur voru Átta-tíu 5 og 6. Almenna stærðfræði 3 var notuð í líkindareikningnum og svo sem ítarefni. Kennari kvatti nemendur til að vinna í rasmus heima. Eldri samræmd próf, verkefni unnin af kennara, Vinkill og Stæ.103 frá Verkmenntaskólanum. Nokkrir unnu Flensborgarverkefni. Allir tóku þrautalausnir eða sodoku. Heimadæmi, kaflapróf og vorpróf voru til einkunnar.

Danska:

- **9. bekkur:** Grunnbók var Tænk lesbók ásamt vinnubók B. Einnig voru notaðar smásögur frá Heppuskóla ásamt meðfylgjandi verkefnum. Ljósrit frá kennara var notað við málfræðikennslu. Nemendur horfðu jafnframt á nokkri þætti frá Store drømme. Allir lásu eina léttlestrarbók fyrir áramót og eina smásögu eftir áramót. Farandkennari var með nemendum í ca. 5 vikur og lagði áherslu á talæfingar. Próf voru skrifleg, tölvu unnin verkefni þar sem lögð var áherslu á framburð og ritun.
- **10. bekkur:** Grunnbók var Ekko lesbók ásamt vinnubók A og B. Einnig voru notaðar smásögur frá Heppuskóla ásamt meðfylgjandi verkefnum. Grammatik var notuð í málfræðihluta kennslunnar. Nemendur horfðu á nokkra þætti frá Store drømme. Notað var efni af dr.dk til dæmis íþróttufréttir. Einnig var notað efni af pandaclub.dk og unicef.dk. Farandkennari var með nemendum í ca. 5 vikur og lagði áherslu á framburð og ritun. Nemendur lásu eina sögu fyrir áramót og tvær smásögur eftir áramót. Próf voru skrifleg, tölvu unnin verkefni þar sem lögð var áherslu á framburð og ritun.

Enska:

- **9. bekkur:** Grunnbók kennslunnar var Matrix Pre-Intermediate en auk þess voru notuð ýmis námsgögn s.s. lesefni úr ýmsum áttum, bíómyndin What's Eating Gilbert Grape?, hlustunarefni og verkefni af ýmsu tagi. Þá unnu nemendur í bókinni Write Right One. Unnið var með ritunarferlið og allir skrifuðu verkefni með titilinn "My favourite time of the year". Allir lásu eina léttlestrarbók (að eigin vali) með verkefnum á haustönn. Allir lásu eina sögubók að eigin vali á vorönn og kynntu hana munnlega auk þess sem skriflegt verkefni var unnið úr bókinni. Allir fundu sér lesefni um fræga manneskju og skrifuðu um hana upplestrarverkefni og allir skrifuðu um Gilbert Grape. Þá unnu nemendur hópaverkefni um helstu hátíðisdaga í UK og USA og kynntu munnlega og með glærusýningu og síðan annað þar sem þeir bjuggu til skóla "Our Ideal School" og kynntu hann munnlega og á veggspjöldum. Farið var sameiginlega í málfræði og ákveðinn orðaforða úr grunnbókinni en að öðru leyti voru nemendur mikið að fást við mismunandi verkefni, allt eftir getu og vilja hvers og eins.
- **10. bekkur:** Grunnbók kennslunnar var New Matrix Intermediate en auk þess voru notuð ýmis námsgögn s.s. lesefni úr ýmsum áttum, hlustunarefni, bíómyndirnar Dangerous Minds og Forrest Gump og ýmiss konar verkefni. Þá unnu nemendur í bókunum T'n'T og Write Right Two. Unnið var með ritunarferlið og nokkur ritunarverkefni gerð. Allir nemendur lásu eina bók að eigin vali á hvorri önn og kynntu hana og unnu skriflegt verkefni að auki. Hópaverkefni um Bretland, Bandaríkin, Ástralíu og Kanada var unnið og síðan kynnt munnlega og með veggspjöldum. Farið var sameiginlega í málfræði og ákveðinn orðaforða úr grunnbókinni en að öðru leyti voru nemendur mikið að fást við mismunandi verkefni, allt eftir getu og vilja hvers og eins.

Íslenska:

- **9. bekkur.** Námsfni: Mályrkja II, ljósrituð verkefni við Mályrkju II, Smáorð, Sagnorð, Finnur II (hálfunninn) Hrafnkels saga Freysgoða, Við Urðarbrunn þar sem nemendur gerðu myndverk/plaggöt í tengslum við söguna, Málfinnur og Skriffinnur. Valin ljóð úr Ljóðsprotum, Bragfræði fyrir unglingastig, stafsetningaræfingar, ljósritaðar eða unnar með hjálp skjávarpa. Unnið vel með framsögn og tjáningu og ýmis verkefni lögð fyrir, m.a. fjallað sérstaklega um skáldið Ingunni Snædal í tengslum við Dag ísl. tungu þar sem nem. fluttu ljóð eftir hana. Að lágmarki voru 4 kjörbækur lesnar, ljósrituð viðbótarverkefni í málfræði, ýmsir lestextar lesnir, smásögur o.fl. Tekið í ýmis spil sem til eru á safni og þau notuð í kennslunni ýmist í tengslum við námið eða til upplýfingar.

- **10. bekkur:** Náms efni: Glærur um bókmenntastefnur og ljóðagreiningu, Finnur III, Málfinnur, Gísla saga Súrssonar + kvikmyndin Útlaginn sýnd og nemendur gerðu stuttmyndir úr völdum köflum. Bókin Englar alheimsins lesin og horft á samnefnda kvikmynd. Ýmsar stafsetningaræfingar, Skrifinnur og að lágmarki lesnar 4 kjörbækur. Ýmis viðbótarverkefni í málfræði. Heimildaritgerð um ljóðskáld. Unnið vel með framsögn og tjáningu þar sem ýmis verkefni voru lögð fyrir nemendur af kennara eða nemendur völdu sjálfir viðfangsefni til að fjalla um. Ýmis spil.

Samfélagsfræði:

- **9. bekkur:** Lesin bókin Landafræði handa unglingum 2. hefti. Lesið um fólksfjöldaþróun, íbúatölu fyrr og nú og framtíðarhorfur. Lesið um náttúru loftslag og gróður í heiminum, nýju ríkin á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi, Asíu, Indland og Kína svo og Afríku og lítilla byrjað á Ástralíu. Bókasafnsvinna, hópavinna með Dagnýju í 6 vikur og þeirri vinnu gerð skil í kennslustundum. Unnið með verkefni, landakort, ljósmyndir og myndbönd, sagðar ferðasögur og leitað upplýsinga á vefnum.
Námsmat: Verkefni, heimapróf og önnur próf.
- **10. bekkur:** Þjóðfélagsfræði eftir Garðar Gíslason. Unnið með grunngildi svo sem nemandann sjálfan, fjölskylduna, menntun, stjórnarskrá, stjórnsmál, lýðræði, mannréttindi að ógleymdum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
Verkefnavinna, einstaklingslega og í hópum.

Námsver:

Í haust var ákveðið að stofnað námsver, lítinn námshóp nemenda sem áttu í námsvanda. Þessi nemendur stofnuðu í raun lítinn hóp í kringum einn nemenda sem kom frá Hrafnagili. Markmiðið var að þessir nemendur fengju einstaklingsmiðað nám í litlum hópi þar sem betur væri haldið utan um nám þeirra. Nemendur námsversins fengu einstaklingsáætlun fyrir veturinn sem var gerð í samvinnu við þá. Markmiðin voru oft á tíðum háleit og nemendur engu nær um það hvernig þeir ættu að ná þeim. Þá var brugðið á það ráð að gera kennslu- og heimanámsáætlun fyrir hvern og einn nemanda. Nemendur fengu í hendur nákvæma áætlun á því í hvað þau ættu að gera í skólanum og hvað heima í hverri viku til að halda áætlun. Foreldrar fengu svo senda áætlunina svo að þeir gætu fylgst með því sem fram fór og hvað nemandinn átti að gera heima. Þetta virkaði mjög vel og héldu flestir nemendur vel áætlun. Þetta hafði þó þann ókost í för með sér að erfitt var að fara út

af áætluninni og brjóta upp starfið án þess að rugla áætlunum þeim. Bæði nemendur og foreldrar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Nemendur í námsveri voru í heildina 13. Þeir komu í tíma í mismunandi fögum, flestir voru þeir í stærðfræði eða níu. Lagt var upp með að kenna þeim að taka ábyrgð á námi sínu og vinna verkefni sem voru við hæfi þeirra og getu. Þrátt fyrir að nemendum liði vel í námsveri vissu þau af hverju þau voru þar og oft var erfitt að eiga við lágt sjálfsmat þeirra og margir höfðu litla sem enga trú á eigin getu. Þau voru þó ekki að bera sig saman við hina því að allir voru á mismunandi stað í mismunandi námsefni.

Heilt yfir tel ég að þessi tilraun hafi í raun gengið mjög vel og hafi skilað þeim nemendum sem hér voru lengra en ef námsverið hefði ekki verið. Þrátt fyrir þá trú mína að nemendur í námserfiðleikum eigi að vera inní hópnum en vera með annað námsefni þá virkaði námsverið líka hvetjandi fyrir nemendurna. Sumir lögðu sig meira fram því þeir gátu skarað fram úr í þessum hópi.

- **Íslenska:** Unnið var með grunnmálfræði og víða leitað fanga. Farið var í ljóð, ævintýri og þjóðsögur. Gísli Súrsson var lesinn og unnin voru verkefni uppúr þeirri bók og myndinni um hann. Eftir áramót voru Englar alheimsins lesnir og horft var á myndina. Unnin voru munnleg verkefni uppúr bókinni og próf tekið. Um páska var hafin vinna á Svartur á leik og unnin munnleg verkefni uppúr hverjum kafla.
- **Stærðfræði:** Hver nemandi var með sitt námsefni og unnið út frá því. Nokkrar kannanir voru um veturinn en einnig voru matshefti lögð fyrir á hverri önn. Matsheftin voru stór verkefnahefti sem nemendur unnu sjálfir þeir máttu nota öll hjálpargögn, hjálpa hvert öðru og nota tölvur. Þetta virkaði mjög vel og fengu nemendur yfirleitt háa einkunn úr matsheftum og unnu vel.
- **Enska:** Unnið var með bókina Spotlight með 4 nemendum en aðrir fylgdu námsefni bekkjarins. Þetta gat verið nokkrum vandkvæðum bundið þar sem nemendur sem fylgdu námsefni áttu erfitt með það á köflum og lítill tími til að bíða og leggja meiri áherslu á atriði sem erfitt var að skilja.
- **Danska:** Nemendur unnu í mismunandi námsefni eftir getu og fylgdi enginn nemandi námsefni bekkjarins. Þetta var mun betra því þá var ekki svo mikil pressa að komast yfir sama efni og hinir á sama hraða. Bækur sem unnið var í Smart, Start, Vi ses og Tænk. Einnig var horft á Store dromme og unnin verkefni uppúr þeim.
- **Samfélagsfræði:** Nemendur fylgdu námsefni bekkjarins en unnið var á annan hátt uppúr bókinni. Hún var lesin fyrir nemendur og mikið lagt uppúr umræðum. Nemendur tóku sömu próf og hinir.

- **Náttúrufræði:** nemendur fóru í kynfræðslu fyrir áramót en byrjuðu að vinna í bókinni *Erfðir og þróun* og fylgdu námsefni bekkjarins. Unnin voru verkefni uppúr bókinni og kannanir teknar í lok hvers. Lagt var upp með að nota heimildamyndir við kennsluna og virkaði það mjög vel.

Teymisvinna kennara:

- Teymið fundaði einu sinni í viku á fimmtudögum. Unnið með félagsleg, hegðunarleg og námsleg málefni nemenda ásamt verkefnum frá stjórnendum. Meðlimir teymisins skiptust á að vera með fundarstjórn, Jonni var sjálfkjörinn ritari en Begga til vara.
- Hver umsjónarkennari var með sama hópinn allan veturinn og tók viðtöl við nemendur og foreldra þrisvar yfir veturinn.
- Mikil ánægja var með minna vægi teymismöppu í vetur.

Kennslan:

- Í 9. bekk var kennt í umsjónarhópum fram að áramótum en þá var skipt upp á nýtt. Ástæða skiptingarinnar var að fylgja stefnu skólans um fjölbreyttari hópaskiptingu innan hvers árgangs. Næsta haust munu þau byrja í nýjum hópum.
- 10. bekkingar voru í tveimur nýjum mismunandi námshópum, einum fyrir áramót og öðrum eftir áramót. Umsjónarhópar í báðum árgöngum héldu sér í vinnustofuvali og umsjónartíma.
- Allir kennarar teymisins lögðu sig fram við að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda t.d. með mismunandi verkefnum. Vegna auka fjárveitingar var unnt að ráða sérkennara í 10. bekk og var stofnað námsver fyrir nokkra nemendur sem hafa átt í erfiðleikum með námið. Nemendur gátu verið í námsverinu í öllum fögum en einnig í einu fagi allt eftir þörfum.
- Við erum sammála um að ekki sé eðlilegt að kenna SMT – reglur á sama hátt á yngsta stigi og því elsta. Sjálfsagt er samt að ræða reglurnar og tilgang þeirra samkvæmt árshjólinu.
- SMT vinnan gekk vel í vetur og lagði teymið sig fram við að halda áætlun við að ræða reglur og vinna samkvæmt þeim. Við hlökkum til að fá síðar nemendur sem hafa alist upp með reglunum. Hrós virkar að okkar mati vel en við erum ekki sannfærð um gildi vitanna. Ekki hefur mikið reynt á önnur verkfæri í möppunni enda sýndi pýramíðavinnan að engir nemendur úr 9. og 10. bekk eru í efstu lögum hans.
- Foreldraviðtöl voru 3 sinnum í vetur auk kynningarfundar í haust. Önnur samskipti fóru fram með tölvupósti eftir þörfum eða símaviðtölum. Þá var foreldrum allra nemenda í

9. og 10. bekk boðið að koma á kynningu á áhugasviðsverkefnum í vinnustofuvali í desember og var mæting foreldra dræm. Ennfremur var áhugi nemenda á að gera þessi verkefni frambærileg ekki mikill og lögðu margir litla sem enga vinnu í þau. Þess vegna var ákveðið að taka þessi verkefni út á vorönn og var því engin sýning þá. Foreldrar mættu mjög vel í viðtöl en mæting á haustkynningu hefði mátt vera betri. Engar óvæntar heimsóknir foreldra voru í vetur.

Framtíðarsýn:

Við lögðum af stað með það að leiðarljósi að efla ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart eigin námi og lífi og við stefnum að því að halda áfram á þeirri braut. Við sjáum fyrir okkur svipað fyrirkomulag á vinnu teymisins næsta vetur en ef til vill munu þó mannabreytingar hafa einhver áhrif á vinnustofuna. Talið er þó að Jón verði áfram ritari. Við munum halda áfram að þróa vinnustofuvalið en vegna tímaskorts hefur lítið verið um þróunarstarf í vetur. Næsta vetur koma Atli og Dagný inn í vinnustofutímana en endanlegt skipulag liggur ekki fyrir og nauðsynlegt er að gera ráð fyrir tíma í þá vinnu áður en hefðbundið skólstarf hefst.